



Millilentu á leið til Grænlands

Um þessar mundir eru farfuglar að tínast til landsins, í síðustu viku bárust fréttir af því að lóan væri komin en blaðið hefur ekki frétt af henni á Snæfellsnesi. Ýmsir farfuglar eru þó farnir að láta sjá sig og bætist í fuglasönginn með hverri vikunni sem líður, sérstaklega eftir að hitastigið fór að tosast upp fyrir frostmark.

Ljósmyndari blaðsins tók þessa mynd af hópi blesgæsa sem höfðu tyllt sér á tún í Bug í Fróðárhreppi, gæsirnar eru þó ekki komnar til að vera því að blesgæs er fargestur. Blesgæsin fer um Ísland vor og haust, hún verpur á Vestur-Grænlandi, en hefur vetursetu á Írlandi og Skotlandi.

JÓ



Suðurlandsbraut 52, 108 Rvk.
Sími 533 6050 / Fax 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur
Gunnlaugsson
lögg. fast.
s. 892-7798

Ásmundur
Skeggjason
lögg. fast.
s. 895-3000

Brynjar
Baldursson
sölufulltrúi
s. 698-6919

Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
lögg. fast.
s. 896-3038

Kristinn
Tómasson
lögg. fast.
s. 820-6797

Þórarinn
Fríðriksson
lögg. fast.
s. 844-6353

VILTU SELJA?

Erum mögulega með kaupanda að einbýlishúsi í Ólafsvík á einni hæð, staðgreiðsla í boði.

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason
Löggiltur Fasteignasali
Sími : 895-300 - as@hofdi.is

Hopp komið á Snæfellsnes

Vinsældir rafskúta hafa vaxið undanfarin ár og eru nú rafskútuleigur á fjölmörgum stöðum um allt land. Eitt stærsta rafskútuleigu vörumerkið á Íslandi er Hopp en Hopp hjól eru nú í 15 sveitarfélögum um allt land. Nú hafa þrjú sveitarfélög á Snæfellsnesi samþykkt samstarfssamning og veitt rekstrarleyfi fyrir slíkri starfsemi. Á næstu vikum munu íbúar Grundarfjarðar, Snæfells-

bæjar og Stykkishólmsbæjar geta leigt sér Hopp rafskútur í þéttbýli. Rekstraraðili Hopp á Snæfellsnesi er fyrirtækið SnæHopp ehf. sem er í eigu Lilju Hrundar Jóhannsdóttur, Benedikts Gunnars Jensonar og Friðþjófs Orra Jóhannssonar. SnæHopp ehf. skuldbindur sig til að sjá um almennan rekstur hjólanna ásamt því að gæta að dreifingu þeirra og að fjarlægja hjól af svæðum þar sem þau geta

valdið skaða. Drög að samstarfsyfirlýsingu má nálgast á vefsíðum sveitarfélaganna. Þann 6. apríl næstkomandi geta íbúar Snæfellsbæjar byrjað að ferðast um á Hopp rafskútum þegar skrifað verður undir samninginn. Íbúar Stykkishólms þurfa að bíða þar til sumardaginn fyrsta og í Grundarfirði er áætlað að byrja rekstur um næstu mánaðamót.

JJ



Sælkerabíll á ferð um Snæfellsnes

Laugardaginn 1. apríl og sunnudaginn 2. apríl fór Sælkerabíll á vegum Svæðisgarðsins Snæfellsness um Snæfellsnesið. Bíllinn stoppaði á sex stöðum og seldi sælkeravörur sem eiga uppruna á Snæfellsnesi. Þar var meðal annars hægt að fá allskyns gerðir af kjöti, krem og snyrtivörur úr íslenskum jurtum, páslatúlípana, nýbakað brauð, fisk, kaffi brennt í Grundarfirði, kartöflur, geita-afurðir og margt fleira.

Hóf bíllinn ferðalagið á laugardeginum við Breiðablik, fór þaðan inn í Stykkishólm og endaði daginn í Grundarfirði. Á sunnudeginum byrjaði dagurinn á Arnarstapa, því næst fór Sælkerabíllinn á Hellissand og rúnturinn endaði í Ólafsvík. Var þetta frábært tækifæri fyrir íbúa Snæfellsness og gesti að birgja sig upp á snæfellskum vörum fyrir páskahátíðina. Verkefnið fékk góðar mót-tökur, raðir mynduðust af spenn-



um viðskiptavinum og fór svo að einhverjar vörur seldust upp. Það var þó lítið mál að bjarga því þar sem framleiðendur af Snæfellsnesi eru með ríka þjónustulund og skutluðu meiri varning í bílinn svo enginn gripi í tómt.

SJ



Getraunir 1x2

Það voru miklar væntingar hjá getrauna spekingum hópseðilsins síðastliðinn laugardag. Núna átti að taka sénsa og gera ráð fyrir óvæntum úrslitum í nokkrum leikjum. Óvænt úrslit komu svo sannarlega upp í umferð helgarinnar, en ekki í þeim leikjum, sem gert var ráð fyrir að þau yrðu. Útkoman var því ein sú lakasta á vetrinum. Kosturinn við að fara svona á botninn er að það er bara upp á við í næsta skipti, eða það skyldi

maður ætla. Við ætlum að taka okkur frí á laugardaginn í Áttahagastofunni þar sem að margir nýta páskanna til ferðalaga og hópurinn því þunnskipaður. Við mætum svo aftur laugardaginn 15. apríl, á sama tíma, það er klukkan 11.00 til 12.00, með kaffi á könnunni og vonumst til að sjá þá sem flesta stuðningsmenn Víkings og líka hina.

Áfram Víkingur

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði Jökuls í grein um rafíþróttir hjá Ungmennafélagi Víkings Reynis kom fram að þjálfari greinarinnar heitir Guðlaugur Páll Einarsson, rétt nafn hans er Gunnlaugur Páll Einarsson og biðjumst við afsökunar á þessu.

Prufutímar í rafíþróttum fóru fram laugardaginn 1. og sunnudaginn 2. apríl síðastliðinn og voru 30 iðkendur skráðir til leiks. Var iðkendum skipt niður á fimm tíma og bíða þau nú spennit eftir að æfingar hefjist.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Blés snjó af gangstéttum



Á miðvikudag í síðustu viku kyngdi niður snjó á Snæfellsnesi eins og víðar á landinu, þykkt lag af þúðursnjó huldi allt og þurfti því að ræsa út snjómoksturstæki sem flestir töldu að væru kominn í frí.

Það voru ekki bara stóru tækinn sem voru ræst, því að Þórður Þórðarson sótti snjóblásarann sinn inn í bílskúr og tók til

við að blása snjó af gangstéttum í kringum húsið hans, þegar það var komið þá hélt hann áfram og blés snjó af göngustígum og gangstéttum víða í Ólafsvík.

Uppátækið vakti eftirtekt hjá mörgum og áberandi var daginn eftir hve fljótt snjó tók upp á þeim leiðum sem Þórður mokaði.

JÓ



Opnunartími íþróttamannvirkja yfir páskahátíðina

Sundlaug

| | |
|---------------------|---------------|
| Skírdagur | 10:00 - 17:00 |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur | 10:00 - 17:00 |
| Páskasunnudagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | 10:00 - 17:00 |

Íþróttahús

| | |
|---------------------|---------------|
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur | 10:30 - 16:30 |
| Páskasunnudagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |

Sindri Guðbrandur er kokkur ársins

Keppnin um titilinn Kokkur ársins 2023 fór fram síðastliðna helgi í Ikea en það er Klúbbur matreiðslumeistara sem fer fyrir keppninni. Forkeppnin fór fram fimmtudaginn 30. mars þar sem 9 af helstu matreiðslumeisturum landsins kepptu um að komast í úrslitin sem fóru fram laugar-daginn 1. apríl. 5 keppendur komust áfram í úrslitin og þurftu þeir að matreiða þrjá rétti eftir

kúnstarinnar reglum, forrétt úr akurhæni og eggjum úr akurhænu, aðalrétt þar sem uppistaðan var ígulker og rauðspretta og að lokum eftirrétt úr Omnom súkkulaði, grískri jógúrt og rjóma. Það var Sindri Guðbrandur Sigurðsson sem hreppti titilinn Kokkur ársins 2023. Sindri er fæddur árið 1995 og er frá Ólafsvík, foreldrar hans eru þau Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Gíslason. Sindri

starfar hjá Flóru veitingaþjónustu, fyrirtæki sem hann hefur nýlega stofnað ásamt kollega sínum Sigurjóni Braga Geirssyni, ásamt því er hann liðstjóri íslenska kokkalandslíðsins og var hann fyrirliði þess á heimsmeistarakeppninni í Lúxemborg 2022. Með því að sigra þessa keppni hlýtur Sindri þátttökurétt í Nordic chef of the year 2024 en árið 2022 lenti hann í öðru sæti í þeirri keppni, auk þátt-

tökuréttarins hlýtur hann 300.000 krónur í verðlaunafé. Sindri hefur lengi verið áberandi í matreiðslubröndum, unnið á virtum og þekktum veitingahúsum og unnið sér inn fjölmarga titla. Það er spennandi og skemmtilegt að sjá öflugan ungan matreiðslumeistara vegna vel á sínu áhugasviði og verður áhugavert að fylgjast með í framtíðinni.

SJ



Lions styrkti sundmót

Þriðjudaginn 28. mars var haldið Lions sundmót fyrir öll þau börn sem æfa sund í Snæfellsbæ. Þátttakendur stóðu sig með þrýði og voru allir leystir út með þátttöku pening og páskaeggja að sundmóti loknu. Það voru Lionsklúbbararnir í Ólafsvík sem styrktu þessa flottu sundgarpa sem sjá má á myndinni ásamt sundþjálfaranum Helgu Guðrúnu Sigurðardóttur.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Flutti salt á Snæfellsnes



Sunnudaginn 26. mars kom flutningaskipið Wilson Hook til Ólafsvíkur með salt þegar það var að koma sér að bryggju vildi ekki betur til en að það tók niðri þannig að skipið sat fast í rúman klukkutíma. Byrjað var að skipa upp saltinu á mánudagsmorgun og var notaður til þess kranabíll frá Jáverk og þrír skotbómulyftarar frá Ragnari og Ásgeiri. Sá þeir einnig um uppskipunina,

var skipað upp 1000 tonnum af salti sem fór á lager við höfnina og verður deilt út eftir þörfum. Þegar uppskipuninni var lokið hélt Wilson Hook til Grundarfjarðar þar var skipað upp 500 tonnum af salti á þriðjudaginn sem Djúpaklettur sá um, eftir það hélt Wilson Hokk til Stykkishólms en ekki er vitað hvað fór mikið af salti þar í land.

PA

Páskabingó Ungmennaráðs



Árlegt páskabingó Ungmennaráðs Snæfellsbæjar var haldið í félagsheimilinu Klifi þriðjudaginn 28. mars síðastliðinn. Fjöldi manns mætti í von um að fara heim með vinning en ungmennaráðið seldi 250 bingóspjöld á viðburðinum. Sautján veglegir vinningar voru í boði, páskaegg og allskyns gjafabréf og varningur auk þess sem gestum var boðið upp á kaffi og súkkulaðimola. Undanfarin ár hefur Ungmennaráðið notað ágóða páskabingósins til að efla félagslíf ungmenna í Snæfellsbæ og í þetta sinn verður engin breyting á, ágóðann hyggst ráðið nota til að halda ball fyrir börn og unglínga í Snæfellsbæ á Ólafsvíkurvöku þar sem Silent Disco mun sjá um að halda uppi stuðinu. Ungmennaráð Snæfellsbæjar vill koma þökkum

til allra þeirra styrktaraðila sem komu að bingóinu en það voru:

Apótek Vesturlands
Bowen
Breiðavík ehf
Fótaaðgerðarstofan Ósk
Hárgreiðslustofa Gunnhildar
Hárgreiðslustofan í Stykkishólmi
Hótel Búðir
Landsbankinn
Pastel hárstofa
Ragnar og Ásgeir
Silfur hár og förðun
Sker restaurant
Smiðjan
Smiðjan Fönix
Snyrtistofan Glóey
Sólarsport
Söluskáli ÓK
Útgerðin
Verslunin Hrund
Voot
VPH Fasteignir ehf

SJ





Páskar

Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju

Skírdagskvöld

kl. 20.00 í Grundarfjarðarkirkju

Föstudagurinn langi

kl. 14.00 í Setbergskirkju

Páskar

kl. 09.00 í Grundarfjarðarkirkju

Velkomin öll og alltaf

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is

Íbúar á Jaðri heimsóttu Sjóminjasafnið

Íbúar dvalarheimilisins Jaðars gerðu sér glaðan dag í vikunni. Fóru þau með rútu á Sjóminjasafnið á Hellissandi og fengu vöflur og heitt súkkulaði. Veitingarnar voru í boði Þóru Olsen, umsjónarmanns safnsins. Eftir kaffisopann var safnið skoðað og gamlar minningar rifjaðar

upp. Margt skemmtilegt kom í ljós og gátu íbúar meðal annars svarað spurningum um muni safnsins sem ekki hafði tekist að afla upplýsinga um. Íbúar og starfsmenn Jaðars þakka kærlega fyrir fróðlegt og skemmtilegt boð á safnið. JJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Páskaeggjaleit á leikskólanum

Sú hefð hefur skapast í leikskólum Snæfellsbæjar að vera með páskaeggjaleit fyrir páskana. Lítil plast páskaegg eru falin á leikskólalóðunum og leita börnin svo að eggjunum. Þegar þau skila inn plast eggji fá þau að launum lítið súkkulaði páskaegg sem þau fá að taka heim. Forsvarsmenn leikskólanna vilja koma þökkum á framfæri til Landsbankans sem hefur undanfarin ár gefið eggin. Mikil spenna ríkir meðal barnanna fyrir páskaeggjaleitinni enda skemmtileg hefð sem brýtur upp hefðbundið leikskólastarf.

JJ



AÐALFUNDUR

Félags eldri borgara í Snæfellsbæ verður haldinn miðvikudaginn 12. apríl 2023 kl. 14:00. í Klifi, Ólafsvík

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf

Kosið í varastjórn og ferðanefnd

Nýir félagar velkomnir

Kaffveitingar í boði félagsins að fundi loknum.

Stjórn Félags eldri borgara Snæfellsbæ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Skreyttu egg og höfðu gaman

Páskarnir eru sérstakur tími. Þetta er hátíð sem færir vorvakningu, sólríka liti og hvíld með fjölskyldunni. Stærsta páskahefðin í Póllandi er eggjið, páskar án eggs eru eins og jól án jólatrés. Á hefðbundnu pólsku heimili eru 120 egg notuð um páskana. Fyrir kökur, súpu, fyllt egg, egg í majónesi eða bara til gamans. Aður en páskar koma þarf að skreyta og mála eggin. Hið mikla táknið páska í Póllandi er myndskreytt egg sem kallast pisanki. Á fundi pólska hópsins „Við erum í sambandi“ hittust börn og foreldrar þeirra í Klifi, undirbyggju páskaskraut og eyddu frábærum tíma í að spila borðspil. Það var líka páskakanína sem spilaði twister og hvatti þannig börn til að eyða tíma á virkan og skjálusan hátt. Kanínan var ekki eina skemmt-

unin sem foreldrarnir útbjuggu. Boðið var upp á bragðgóðar veitingar og fræðslu þar sem allir gátu lært að skreyta egg með vaxi.

Mótshaldarar þakka öllum fyrir þátttökuna á fundinum, frábæra stemningu, að gera herbergið aðgengilegt og Beatu fyrir að halda

eggjaskreytinganámskeiðið.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra páska.

Hanna Imgront



Hundahreinsun í Snæfellsbæ

13. apríl 2023

Hundaeigendur í Snæfellsbæ athugið:

Hundahreinsun verður fimmtudaginn 13. apríl frá 13:00 – 17:00 í Áhaldahúsinu í Ólafsvík.

Við viljum benda því fólki sem lætur hreinsa og bólusetja sína hunda annars staðar, að koma tilkynningum eða skírteinum um slíkt til bæjarskrifstofu.

Við bendum eigendum óskráðra hunda og katta að skrá þá þegar í stað!

Við hvetjum fólk til að mæta með hunda og ketti sína í hreinsun, hvort sem þeir eru skráðir eða óskráðir.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Aflafréttir

Dagana 27. mars til 2. apríl komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 926 tonn í 49 löndunum. Í Rifshöfn var landað 710 tonn í 23 löndunum, í Ólafsvíkurhöfn 140 tonn í 21 löndunum og á Arnarstapa 76 tonn í 5 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Rífsari SH 39 tonn í 2, Magnús SH 34 tonn í 1, Ólafur Bjarnason SH 34 tonn í 4, Esjar SH 23 tonn-

um í 3, Egill SH 22 tonn í 1, Patrekur BA 20 tonn í 1, Guðmundur Jensson SH 15 tonn í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 15 tonn í 3 og Matthías SH 7 tonn í 1 löndun. Einn grásleppu bátur landaði þessa daga Herdís SH og landaði hún 1 tonni í 2 löndunum. Hjá handfæra bátunum landaði Kári III SH 3 tonn í 2, Hilmir SH 2 tonn í 1, Katrín II SH 1 tonni í 1, Herdís



SH 1 tonni í 2 og Naustvík ST 1 tonni í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Stakkhamar SH 30 tonn í 2, Sverrir SH 18 tonn í 2, Brynja SH 11 tonn í 1 og Gullhólmi SH 4 tonn í 1 löndun. Hjá stóru línu bátunum landaði Tjaldur SH 181 tonni í 2, Rífsnes SH 153 tonn í 2 og Örvar SH 77 tonn í 1 löndun. Hjá netabátunum landaði Magnús SH 113 tonn í 4, Saxhamar SH 51 tonni í 2, Bárður SH 811, 31 tonn í 3 og Bárður SH 81,

30 tonn í 2 löndunum.

Þessa sömu daga var landað í Grundarfjarðarhöfn 430 tonn í 12 löndunum. Jökull ÞH sem er á netaveiðum landaði 167 tonn í 3, Bára SH sem er á sæbjúgnaveiðum landaði 10 tonn í 3. Einn handfærabátur Margrét SH landaði 4 tonn í 3 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Sigurborg SH 113 tonn í 1, Farsæll SH 84 tonn í 1 og Hringur SH 52 tonn í 1 löndun.

ÞA



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Sumarstörf hjá Snæfellsbæ

Snæfellsbær býður einstaklingum 18 ára og eldri upp á fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar.

- 100% störf í þrjú mánuði, frá 15. maí 2023.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tóbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Þekking á staðháttum í sveitarfélaginu er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2023. Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum nýja íbúagátt Snæfellsbæjar sem aðgengileg er á snb.is.